

LÖG LANDSSAMTAKA ELÐRI KYLFINGA

I. Heiti, heimili og hlutverk

1. grein

Félagið heitir Landssamtök eldri kylfinga skammstafað LEK. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið LEK er að efla áhuga fólks á golfíþróttinni og að vinna að framgangi íþróttarinnar með mótahaldi og samskiptum við samtök eldri kylfinga erlendis.

3. grein

Aðild að félaginu eiga allir kylfingar sem eru félagar í þeim golfklúbbum, er starfa innan vébanda Golfsambands Íslands (GSÍ) og eru 50 ára og eldri.

4. grein

LEK er sérstök deild innan Golfsambands Íslands og Íþróttasambands Íslands og skal hlíta lögum og reglum þeirra.

Í samskiptum við erlenda aðila kemur félagið fram sem sjálfstæður aðili í nafni íslenskra eldri kylfinga. LEK er aðili að Evrópusambandi eldri kylfinga, og er heiti samtakanna á erlendum málum: Icelandic Senior Golf Association eða L'Association Islandais des Seniors Golfeurs, en í styttingu og í merki samtakanna: GOLF SENIOR ICELAND

II. Stjórn

5. grein

Kjörgengir til stjórnarstarfa eru þeir félagar í golfklúbbum sem náð hafa lögaldri eldri kylfinga.

6. grein

Stjórn LEK skal skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Tveir eru kosnir árlega til tveggja ára í senn, en formann félagsins skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn.

Á aðalfundi skal jafnframt kjósa tvo varamenn í stjórn til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í þeirri röð sem voru tilnefndir við kjör eða kosnir. Varamenn skulu sitja alla stjórnarfundi og taka fullan þátt í stjórnarstörfum í félaginu og hafa þar málsfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins í forföllum aðalmanns. Stjórnarmenn og varamenn má endurkjósa.

Tveimur vikum fyrir aðalfund skal stjórnin skipa þrjá féлага í uppstillingarnefnd til þess að gera tillögu á aðalfundi um kosningu stjórnar og varamanna í stjórn, a.m.k. einn nefndarmanna skal hafa verið í stjórn eða varastjórn.

7. grein

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum þannig að einn skal vera varaformaður og staðgengill formanns, einn ritari, einn gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Þá skipar stjórnin í nefndir sem starfa á vegum félagsins og tilnefnir fulltrúa félagsins í nefndir og ráð sem það á aðild að.

8. grein

Stjórnin kemur fram fyrir hönd félagsins og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi. Formaður félagsins er aðalforsvarsmáður þess og kemur hann fram fyrir hönd félagsins og stjórnar þegar við á, auk þess sem hann stjórnar stjórnarfundum og sinnir öðrum þeim verkefnum sem stjórnin kann að fela honum og lög heimila.

9. grein

Heimilt er stjórninni að greiða mönnum fyrir starfa í þágu félagsins.

10. grein

Fráfarandi stjórn skal í lok starfsársins gera drög að fyrirhugaðri starfsemi félagsins á væntanlegu starfsári ásamt drögum að fjárhagsáætlun og kynnir formaður hvorutveggja á aðalfundi.

11. grein

Fyrir einstök og verðskulduð störf í þágu félagsins getur stjórnin gert að tillögu sinni að aðalfundur ákveði að tiltekinn félagsmaður, einn eða fleiri, verði gerður að heiðursfélaga.

III. Aðalfundur

12. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins. Aðalfundur skal halda í Reykjavík fyrir 15. desember ár hvert og skal til hans boðað með auglýsingu á miðlum félagsins með viku fyrirvara hið skemmsta. Dagskrár skal getið í fundarboði.

13. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um málefni félagsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi nema annað sé ákveðið í lögum þessum. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagar í golfklúbbum, sem náð hafa lögaldri eldri kylfinga.

14. grein

Í upphafi aðalfundar skal kjósa sérstakan fundarstjóra og ritara eftir tilnefningu.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla formanns.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Formaður kynnir drög að fyrirhugaðri starfsemi næsta árs ásamt drögum að fjárhagsáætlun.
7. Ákveðin gjöld fyrir næsta starfsár, ef einhver eru.
8. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
9. Kosning endurskoðanda og eins til vara.
10. Önnur málefni ef einhver eru.

Fundarstjóra og fundarriturum er skylt að ganga frá fundargerðum.

15. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi þess og skal tillögum til lagabreytinga skilað til stjórnar eigi síðar en 1. október. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 (tveggja þriðju hluta) greiddra atkvæða fær hún gildi.

16. grein

Stjórnin getur boðað til félagsfundar ef henni þykir henta. Stjórninni er skylt að halda félagsfund ef 1/10 félagsmanna óskar þess. Slíkan fund skal halda innan þriggja vikna frá því að skrifleg beiðni og rökstuðningur hefur borist stjórninni. Fundinn skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund.

IV. Ýmis ákveði

17. grein

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn og tillagan fær gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana. Mæti ekki nægilega margir skal boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 2/3 fundarmanna samþykkja hana.

18. grein

Reikningsár félagsins er frá 1. nóvember til 31. október.

19. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á aðalfundi í nóvember 2003 með breytingu 7.12.2014 og 6. 12. 2018.